

Ár 2020, miðvikudaginn 2. desember er dómþing Dómstóls GSÍ háð í gegnum samskiptaforritið MS Teams, af Ragnari Baldurssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2020
Sturla Höskuldsson
gegn
Aga- og forgjafarnefnd Golfklúbbs Akureyrar

Gögn málsins nr. 1-6 liggja frammi.

Mættir eru í dóminn Sturla Höskuldsson og Gestur Gunnarsson, lögmaður fyrir hönd Björgvins Þorsteinssonar, lögmanns fyrir hönd kærða.
Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I. Aðilar og dómkröfur

Kæra í þessu máli var móttækin af skrifstofu GSÍ 5. október 2020. Kærandi er Sturla Höskuldsson, kt. [REDACTED] Hólmatúni 3, Akureyri. Kærði er Aga- og forgjafarnefnd Golfklúbbs Akureyrar, kt. [REDACTED] Jaðri, Akureyri.

Málinu var úthlutað til Ragnars Baldurssonar, dómara í dómstól GSÍ, 29. október 2020 og sendi hann kærða þann sama dag gögn málsins og veitti honum frest til að skila inn greinargerð í málinu. Greinargerðin barst þann 6. nóvember s.l. og var málið þingfest 17. nóvember s.l. Var á dómþingi ákveðið að málið skyldi skriflega flutt og var aðilum veittur skammur frestur til að skila skriflegum athugasemdum til dómsins. Kærandi skilaði inn athugasemdum sem hafa verið lagðar fram í málinu sem dómskjal nr. 6. Málið var dómtekið sama dag.

Dómkröfur kæranda eru svohljóðandi samkvæmt kæru:

„Fer ég fram á niðurfellingu úrskurðar aga- og forgjafarnefndar GA“.

Á dómþingi er fór fram þann 17. nóvember 2020 upplýsti kærandi dóminn um að í kröfugerðinni felst krafa um að “refsing hans verði felld niður eða lækkuð verulega”.

Dómkröfur kærða eru samkvæmt greinargerð “að öllum kröfum kæranda verði hafnað og að staðfest verði niðurstaða hins kærða úrskurðar.”

II. Málsatvik

Ekki er til staðar heildstæð málavaxtalýsing af hálfu kæranda í kæru en vísað er í hinn kærða úrskurð. Í greinargerð kærða kemur fram málavaxtalýsing sem er í samræmi við málavaxtalýsingu í hinum kærða úrskurði. Segir kærði að málið eigi rót sína að rekja til þess að honum bárust ábendingar um að grunur léki á um að forgjöf kæranda endurspeglaði ekki fyllilega núverandi getu hans til að leika golf. Í samræmi við forgjafarreglur 2020, einkum reglu 7, hafi forgjöf kæranda og þróun hennar verið tekin til skoðunar. Við þá skoðun hafi komið í ljós að kærandi hafði leikið og skráð 14 golfhringi í júlí 2020, þar af 6 hringi í mótum og 8 hringi utan móta. Þeir hringir sem voru utan móta voru allir spilaðir á Jaðarsvelli, ýmist 9 eða 18 holur. Við nánari skoðun hringja utan móta kom í ljós að í þrígang var skráður ritari á Golfbox ekki einn skráður meðspilari kæranda. Þessir hringir voru sagðir hafa verið leiknir 23., 28. og 29. júlí. Í öll skiptin var kærandi skráður til leiks með þremur meðspilurum en aftur á móti var skor kæranda ekki sent til eins þeirra til staðfestingar heldur voru hringirnir sendir til og staðfestir af foreldri kæranda.

Þegar þetta kom í ljós var kærandi boðaður á fund Aga- og forgjafarnefndar, sem fór fram þann 17. september sl. Á fundinum gekkst kærandi við því að hafa látið undir höfuð leggjast að fá staðfestingu meðspilara sinna á hringjunum og bar kærandi því við að honum hefði þótt einfaldara að fá foreldra sína til að staðfesta hringina, vegna þess að þau væru golfvinir hans, í stað þess að senda hringina til staðfestingar meðspilara sinna.

Að sögn kærða kvaðst kærandi hafa skráð hringina með það fyrir augum að lækka forgjöf sína og eiga meiri möguleika á að komast inn í Íslandsmótið í högguleik 2020. Að sögn kærða gekkst kærandi við því að hafa gert mistök með því að láta utanaðkomandi staðfesta hringi sína, baðst afsökunar á því en margítrekaði að hringirnir hefðu verið leiknir og væru að öllu leyti rétt færðir inn.

Þá segir kærði að kærandi hafi verið sérstaklega spurður að því hvort rétt væri að hann hefði leikið af hvítum teigum, sem hann staðfesti að hefði verið. Á fundinum var kæranda greint frá því að málið yrði skoðað betur og að rætt yrði við skráða meðspilara hans á þessum hringjum. Við skýrslutökur af meðspilurum mun hafa komið fram hjá öllum nema einum að kærandi hefði leikið af gulum teigum, en ekki hvítum eins og skráð hafði verið í Golfbox. Sá eini, sem ekki bar á þann veg, kvaðst ekki muna af hvaða teigum kærandi hefði spilað.

Í viðtölum við meðspilarana mun að sögn kærða jafnframt hafa komið fram að þann 29. júlí hafði kærandi hætt leik eftir tvær holur. Að sögn meðspilara hafði kærandi látið í ljós óánægju sína með eigin spilamennsku og tilkynnt meðspilurum að hann ætlaði sér að fara á æfingasvæðið. Þann sama dag skráði kærandi hring af hvítum teigum, sem gaf til kynna að hann hefði leikið á pari vallar. Miðað við þáverandi forgjöf fékk kærandi 41 stableford punkt á hringnum og forgjöf dagsins var +1,1. Við skoðun leikinna hringja í sumar er kemur fram á forgjafaryfirliti er lagt hefur verið fyrir dóminn er ljóst að þetta var nokkuð afgerandi besti hringur kæranda í sumar. Skráningin gefur til kynna að um er að ræða þann hring sem kærandi hætti leik á, enda var hann ekki skráður á annan rástíma þennan dag.

Að mati kærða liggur því fyrir að kærandi skráði inn hringi af röngum teigum, hann fékk aðra en meðspilara til að staðfesta hringina og í eitt skipti skráði hann inn hring án þess að nokkur meðspilari væri til staðar. Kærði heldur því fram að við skýrslutöku hjá kærða hafi kærandi farið með bein ósannindi þegar hann sagðist hafa leikið af hvítum teigum, eins og skráningin bar með sér, en ekki af gulum teigum, sem raunin var. Því til viðbótar veitti hann kærða ekki upplýsingar um að hann hefði ekki lokið leik á þeim hring sem hann hóf að leika með þremur meðspilurum, þann 29. júlí sl.

Kærandi lýsir málavöxtum stuttlega í kæru þannig að Aga- og forgjafarnefnd Golfklúbbs Akureyrar hafi í málinu haft til skoðunar þrjú golfhringi er kærandi lék á Jaðarsvelli síðastliðið sumar, nánar tiltekið dagana 23., 28. og 29. júlí 2020. Hann viðurkennir það brot sitt að hafa vísitandi skráð rangan ritara á framangreindum þremur golfhringjum en segir ástæðuna fyrst og fremst hafa verið eigin leti og að hann hafi ekki nennt að leita uppi meðspilara sína til að fá hringina staðfesta. Þá viðurkennir kærandi að hafa skráð til forgjafar golfhring sem hann lék eins lífs. Hann biðst innilegrar afsökunar og segist iðrast þessa mjög. Kærandi segist ekki hafa vísitandi skráð hringina sem leikna af hvítum teigum heldur hafi það sjálfkrafa komið upp í kerfinu sem fyrsta val og hann hafi ekki áttað sig á því að hann þyrfti að breyta því. Ennfremur fullyrðir hann að skorið sem hann skráði inn hafi verið rétt. Ekki eru fram komnar af hálfu kæranda frekari athugasemdir við málavaxtalýsingu kærða.

III. Framburður vitna:

Ekki var þörf á vitnaleiðslum í þessu máli að mati aðila þar sem sú háttsemi sem fjallað er um í málinu er viðurkennd af kæranda.

IV. Málsástæður kæranda:

Kærandi byggir á því að hann telji refsinguna of stranga. Byggir hann meðal annars á því að hvergi sé að finna, hvorki hjá Golfklúbbi Akureyrar né hjá dómstólum GSÍ, fordæmi fyrir eins strangri refsingu og þeim er hann hlaut.

Þá byggir hann á því að taka eigi tillit til þess að á yfir 30 ára keppnisferli í golfi hafi hann aldrei verið staðinn að svindli og að hann hafi sýnt af sér góða háttsemi og drengskap í hvívetna.

Hann kveðst hafa verið samstarfsfús og sýnt iðrun, hann hafi ekki skráð hringina sem leikna af hvítum teigum af ásetningi eins og kærði byggir á og að hann hafi vissulega leikið golfhringinn þann 29. júlí s.l. einn síns liðs að undanskildum fyrstu tveimur holunum.

Hann kveður það rangt að hann hafi vísitandi skýrt rangt frá atvikum heldur hafi hann ekki munað öll þau atriði er hann var spurður um, m.a. hvað varðar þá teiga er hann lék af.

V. Málsástæður kærða:

Kærði byggir á því að staðfesta beri úrskurðinn, þar sem ljóst sé að kærandi hafi með framferði sínu gerst sekur um grafalvarleg brot gegn bæði forgjafarreglum og almennum reglum sem gilda um golfíþróttina, bæði skráðum og óskráðum.

Kærði vísar til Forgjafarreglna 2020, einkum reglu 7. Samkvæmt reglu 7.1c ætti forgjafarnefnd að fella niður forgjöf leikmanns, sem vísitandi eða ítrekað fer ekki eftir þeim reglum sem hann skal fylgja samkvæmt forgjafarreglunum. Í viðauka A við Forgjafarreglur er lýst meginskyldum leikmanna hvað forgjöf varðar. Í grein 1(i) kemur fram að leikmönnum ber að fylgja forgjafarreglunum af heilindum og forðast það að hagnýta eða sniðganga forgjafarreglurnar í því skyni að afla sér ósanngjarns forskots. Kærði byggir á því að kærandi hafi brotið gegn þessari reglu þegar hann hagnýtti sér forgjafarkerfið í því skyni að lækka forgjöf sína til þess að eiga möguleika á að komast inn á Íslandsmótið í höggleik.

Samkvæmt grein 1(vii) ber leikmanni aðeins að framvísa gildu (e. acceptable) skori til að veita sanngjarna sönnun fyrir getu leikmannsins í golfi. Samkvæmt grein 1(ix) ber leikmanni jafnframt að leika samkvæmt reglum golfsins (e. Rules of Golf). Þá ber leikmönnum samkvæmt grein 1(x) að staðfesta skor meðspilara sinna. Samkvæmt þessu hvílir mikil ábyrgð á leikmönnum hvað forgjafarreglur varðar og forgjafarnefndum er ætlað að hafa eftirlit með því að reglunum sé fylgt.

Í ljósi hinna alvarlegu brota, þess að kærandi skýrði ekki satt og rétt frá þegar óskað var eftir skýringum hans og þeirrar reynslu og þeirrar stöðu sem kærandi gegnir innan golfíþróttarinnar, telur kærði að hin ákvarðaða refsing sé hæfileg. Við mat á hver refsing sé hæfileg verði jafnframt að hafa í huga að brot kæranda eru framin af ásetningi og að þau eru ítrekuð. Að teknu tilliti til þess byggir kærði á að samkvæmt grein 7.1c í Forgjafarreglum 2020 hafi kærða borið að fella niður forgjöf kæranda, enda fór hann vísitandi og ítrekað ekki eftir þeim reglum sem honum bar að fylgja, sbr. viðauka A í Forgjafarreglum 2020.

VI. Niðurstaða

Fyrir liggur í máli þessu viðurkenning kæranda á þeirri háttsemi er hann er sakaður um. Hann viðurkennir þó ekki ásetning til þeirra þátta er varða ranga skráningu teiga er hann lék frá í umrædd skipti en ljóst er að með rangri skráningu teiga, þ.e. með því að leika af gulum teigum en skrá hvíta fær hann hærri leikforgjöf og þar með lægra nettóskor en rétt var. Var því röngu skori skilað inn til forgjafar í þessum skilningi og ber kylfingurinn sjálfur ábyrgð á því.

Þá viðurkennir kærandi að hafa sent hringina til staðfestingar til einstaklinga sem ekki urðu vitni að leiknum hringjum í stað þess að afla staðfestingar meðspilara sinna.

Ennfremur viðurkennir kærandi að hann lék og skilaði til forgjafar besta hring sumarsins án þess að hafa haft meðspilara að undanteknum fyrstu tveimur holunum, hafa tekið sér hvíld eftir þær og hafið svo einn leik að nýju. Hann kveður skorið á hringnum hafa verið rétt en viti að hann átti ekki að skila þessum hring til forgjafar.

Í greinargerð kærða er til refsipýngingar vísað til þeirrar stöðu er kærandi gegnir innan golfhreyfingarinnar. Varðandi stöðu hans er vísað til 30 ára keppnisreynslu, menntunar sem golfkennara auk starfa hans fyrir golfklúbba, Golfsamband Íslands og PGA samtökin á Íslandi. Dómurinn fellst á að líta beri til þessara þátta við mat á sök kæranda. Kyllingur með þá reynslu, menntun og þekkingu er kærandi býr yfir getur ekki borið fyrir sig gáleysi varðandi þá háttsemi er hann hefur orðið uppvis að.

Við ákvörðun refsingar er horft til þess að um er að ræða ítrekuð brot. Þá telur dómurinn sannað að kærandi hafi af ásetningi lækkað forgjöf sína með því að skila til forgjafar skorum er ekki fullnægja skilyrðum golf- og forgjafarreglna. Ennfremur er litið til þess að háttsemi kæranda hafði þann tilgang að bæta stöðu hans gagnvart kyllingum er áttu ríkari rétt en hann til þátttöku í Íslandsmótinu í högggleik árið 2020.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Dómstóls GSÍ að kærandi hafi gerst sekur um alvarleg brot er varða niðurfellingu forgjafar samkvæmt gr. 7.1c í forgjafarreglum GSÍ og refsingu samkvæmt 16. gr. laga um dómstóla GSÍ. Þykir dómnum hæfilegt að að kærandi sæti því að forgjöf hans er felld niður í 12 mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa. Jafnframt skal kærandi sæta óhlutgengi, þannig að hann er útilokaður frá þátttöku í keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja.

Dóm þennan kvað upp Ragnar Baldursson dómari í Dómstól GSÍ.


Dómsorð:

Sturla Höskuldsson, kt. [REDACTED] skal sæta niðurfellingu forgjafar og óhlutgengi til keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er bent á ákvæði í 13. gr. laga um Dómstóla GSÍ þar sem fjallað er um áfrýjun. Samkvæmt 1. tl. 13. gr. er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls GSÍ, dómum og úrskurðum Dómstóls GSÍ. Samkvæmt 2. tl. er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins 5 dagar frá því dómur Dómstóls GSÍ var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.

Dómþingi slitið



Ragnar Baldursson

Ár 2020, miðvikudaginn 2. desember er dómþing Dómstóls GSÍ háð í gegnum samskiptaforritið MS Teams, af Ragnari Baldurssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2020
Sturla Höskuldsson
gegn
Aga- og forgjafarnefnd Golfklúbbs Akureyrar

Gögn málsins nr. 1-6 liggja frammi.

Mættir eru í dóminn Sturla Höskuldsson og Gestur Gunnarsson, lögmaður fyrir hönd Björgvins Þorsteinssonar, lögmanns fyrir hönd kærða.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

Dómsorð:

Sturla Höskuldsson, kt. [REDACTED] skal sæta niðurfellingu forgjafar og óhlotgengi til keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er bent á ákvæði í 13. gr. laga um Dómstóla GSÍ þar sem fjallað er um áfrýjun. Samkvæmt 1. tl. 13. gr. er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls GSÍ, dómum og úrskurðum Dómstóls GSÍ. Samkvæmt 2. tl. er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins 5 dagar frá því dómur Dómstóls GSÍ var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.

Dómþingi slitið



Ragnar Baldursson



Greinargerð, úrskurður og ákvörðun refsingar aga og forgjafarnefndar Golfklúbbs Akureyrar.

Mál 01.2020 Sturla Höskuldsson Kt: [REDACTED] (hér eftir nefndur (S))

Við skoðun á forgjöf (S) síðla sumars vaknaði grunur um að einhverjir hringir sem hann hafði sjálfur fært inn til forgjafar væru ekki að öllu leiti rétt inn færðir.

Dagana 23., 28. og 29. júlí er (S) skráður til leiks á Jaðarsvelli, 9h dagana 23. og 28. en 18h þann 29. og í öll skiptin er hann skráður til leiks af hvítum teigum.

Dags.	Teigar	Holur	Meðspilarar	Forgj. dags	Aðili sem staðfestir skor
23.7	Hvítir	9	AAV, AÞ og JRS	2,1	EE (móðir S)
28.7	Hvítir	9	AAV, ES og BÁ	2,1	EE (móðir S)
29.7	Hvítir	18	AAV, AH og JP	+1,1	BB (stjúpfaðir S)

Skilgreining á skammstöfunum meðspilara:

Auðunn Aðalsteinn Víglundsson (AAV), Anton Þorsteinsson (AÞ), Jón Ragnar Stefánsson (JRS) Eiður Stefánsson (ES), Bjarni Ásmundsson (BÁ), Albert Hannesson (AH), Jóhann Pálsson (JP) Elísabet Erlendsdóttir (EE) móðir (S) og Björn Björnsson (BB) stjúpfaðir (S)

Eins og sést er alla þessa daga „fullmannað“ í holl með (S) en þrátt fyrir það velur hann engan meðspilara sinna til að staðfesta skor sín þessa daga heldur velur hann til þess aðila sem ekki eru skráðir til leiks á Jaðarsvelli umrædda daga. Tvo daga er um að ræða móður hans (EE) og í einu tilfelli stjúpfaður (BB) en hvorugt þeirra eru félagar í GA.

(S) var boðaður til fundar með forgjafar og aganefnd Golfklúbbs Akureyrar að Jaðri fimmtudaginn 17.09.20 kl 20:00, þar mætti hann en fyrir hönd nefndarinnar voru mættir Björn Axelsson, Eiður Stefánsson og Stefán M Jónsson

Þar var (S) spurður út í færslurnar, hann játaði strax að hafa skráð inn hringina en þegar hann var spurður hvers vegna hann hefði ekki fengið einhvern meðspilara sinna til að staðfesta þá, bar hann því við að sér hafi þótt það einfaldara, þeir væru ekki „golfvinir“ hans. Því hefði hann haft samband við foreldra sína, sagt þeim að hann hefði spilað þessa hringi með þessum hætti og beðið þau um að staðfesta hringina til forgjafar sem þau hafi svo gert í framhaldinu. (S) nefndi það sjálfur að fyrra bragði að hringina hafi hann skráð inn" í þeim tilgangi að lækka forgjöf sína til að eiga meiri möguleika að komast inn á Íslandsmót í högguleik" en einungis ákveðinn fjöldi forgjafarlægstu umsækjenda fær þátttökurétt í því móti. (S) sagðist átta sig á því „svona eftirá“ að það hafi ekki verið rétt af sér að fá staðfestingu á spiluðum hringjum með þessum hætti, hann baðst afsökunar á því en fullyrti og marg ítrekaði að,“ hringirnir væru að öllu leiti rétt inn færðir“.

(S) var gert ljóst að málið yrði rannsakað betur, rætt yrði við skráða meðspilara hans umrædda daga og honum yrði síðan tilkynnt um niðurstöðu nefndarinnar. Nefndin skipti með sér verkum og ræddi við þá aðila sem voru skráðir með (S) umrædda daga. Í ljós kom að einn meðspilaranna (AÞ) er golfvinur (S). Að einum meðspilaranna undanskyldum (AÞ) sem ekki segist muna staðfesta allir meðspilararnir að (S) hafi leikið af sömu teigum og þeir þessa daga það er af gulum teigum en allir hringirnir eru skráðir af hvítum teigum. Þar að auki staðfesta (AAV), (AH) og (JP) að (S) hafi á hringnum þann 29.07.2020 hætt eftir aðeins 2 (tvær) holur. (S) hafði tilkynnt meðspilurinum "að þetta gengi ekki og nú yrði hann að fara á æfingasvæðið". Þennan dag skilar (S) inn 18 holu hring til forgjafar, sínum „besta“ í sumar, skráir hann vera leikinn af hvítum teigum og fær (BB) (stjúpfaður) til að staðfesta hringinn.

Ekki þarf að fjölyrða um að (S) hefur með framferði sínu gerst brotlegur við fjölmargar golfreglur, forgjafarreglur og agareglur. Nægir þar að nefna eina af grundvallarreglum golfsins, reglu nr 1.2 Viðmið um hegðun leikmanna "Ætlast er til að allir leikmenn leiki í anda leiksins, með því að: Koma fram af ráðvendni, til dæmis með því að fylgja reglunum, beita öllum vítum og vera heiðarlegir í öllu sem snýr að



leiknum". Skilgreining golfreglnanna á því hver geti verið "ritari" er ekki virt og þá er framferði (S) á skjön við forgjafarreglur 1.3, 2.1, 2.1b og 4.

Ekki verður heldur framhjá því horft að af vitnaleiðslum í málinu má ráða að (S) hafi logið blákalt að nefndinni um það að hringirnir væru að öllu leiti rétt inn færðir.

Öllum á að vera það ljóst að það er á skjön við allar reglur, þar með talið golfreglur, forgjafarreglur og siðareglur í golfi, skrifaðar og óskrifaðar, að fá aðila sem ekki er vitni að máli til að vitna um eða staðfesta hið sama mál. Á sama hátt er það fullkomlega óeðlilegt af aðila sem leitað er til um slíka staðfestingu að samþykkja hana.

(S) er golfkennari að mennt og hefur starfað meðal annars fyrir nokkra golfklúbba, Golfsamband Íslands og samtök atvinnukylfinga á Íslandi, PGA Iceland þar sem hann hefur verið í stjórn. (S) ætti því að vera fullkunnugt um almennar golfreglur, m. a. reglur um skráningu á skor til forgjafar og alvarleika þess séu þær brotnar.

Brot (S) verða að teljast alvarleg og ekki verður annað séð en að þeir hringir sem þarna eru færðir inn til forgjafar séu uppspuni frá rötum, ýmist skráðir af röngum teigum eða hreinlega að þeir hafi ekki verið leiknir. Ekki verður annað séð en að brotin séu í raun úthugsuð og undirbúin og hafa verður í huga að um ítrekuð brot er að ræða. Þegar horft er til orða (S) sjálfs um tilgang þessa, það er, "að lækka forgjöf sína og eiga þannig meiri möguleika á að komast inn á Íslandsmót í högguleik" verður að skoða það í því ljósi að fyrir vikið hefur einhver afrekskylfingur setið eftir og ekki hlotið keppnisrétt á Íslandsmótinu. Þá er það framferði (S) að biðja aðila sem ekki spiluðu með honum umrædda hringi að staðfesta þá til forgjafar einnig gróft brot á reglum og sú staðreynd að viðkomandi aðilar létu til leiðast og samþykktu hringina, verður tilkynnt til þeirra heimaklúbba og til Golfsambands Íslands.

Ofangreint framferði (S) er eitt og sér alvarlegt brot á reglum og ákveða þarf hæfilega refsingu í framhaldi af því. Sá þáttur er í höndum aganefndar Golfklúbbs Akureyrar. en einnig verður það tilkynnt til stjórnar Golfklúbbs Akureyrar, Golfsambands Íslands og PGA Iceland.

Úrskurður og ákvörðun refsingar.

Umrædda hringi skal afmá úr forgjafarskrá (S)


Með hliðsjón af öllu ofangreindu þykir hæfileg refsing vera:


Í full tvö ár frá dagsetningu bréfs þessa:


Skal Sturla Höskuldsson [redacted] sæta niðurfellingu forgjafar og keppnisbanni og vera þannig meinuð þáttaka í öllum golfmótum á vegum Golfsambands Íslands og aðildafélaga þess. Þá skal (S) á sama tíma vera óheimilt að staðfesta skor annara leikmanna til forgjafar. Bannið nær ekki til almennrar skráningar á rástíma í Golfbox.

Akureyri 30.09.2020


Aga og forgjafarnefnd Golfklúbbs Akureyrar


Björn Axelsson


Eiður Stefánsson


Stefán M Jónsson

30/9 '20
Dagsetning móttöku


Sturla Höskuldsson